

idum að $\frac{2}{8}$ hlutum, en Loptur og Hólmfríður að $\frac{1}{8}$ hluta einnig *in solidum*, og eru þar með talin málsvarnarlaun fyrir undirjetti til Þorvarðar Guðmundssonar, alls 18 kr., og málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 25 krónur til hvors. — Ídæmd idgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1887

Hið opinbera
gegna

Guðmundi Pjeturssyni og
Benjamín Jóhannessyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Strandasýslu, gengnum 1. júlí f. á., voru þeir hreppstjóri Guðmundur Pjetursson í Ófeigsfirði og Benjamín bóndi Jóhannesson á Krossnesi dæmdir fyrir að hafa brotið gegn fyrirmælum laga 16. desember 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgrnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóvember til 14. aprílmán. ár hvert, hinn fyrnefndi í 300 kr. sekt, hinn síðarnefndi í 135 kr. sekt, og skyldu sektirnar renna í hlutadeigandi sveitar sjóð, svo og til að greiða málskostnað allan, Guðmundur að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Benjamín að $\frac{1}{4}$ hluta.

Þessum dómi hefur að beiðni hinna kærðu verið skotið til landsyfirdómsins.

Hinir kærðu, Guðmundur hreppstjóri Pjetursson og Benjamín bóndi Jóhannesson, hafa kannast við, að þeir hafi 15. marzmán. f. á. farið í hákarlalegu, fengið hákarl og skorið hann niður, hvorttveggja fyrir norðan línu þá, sem hugsast dregin milli Geirólfsgrúps og Skagatáar, og styðst þessi framburður við aðrar sannanir, sem fengnar eru í málinu. Hafa þeir haldið því fram, að þeir hafi skilið lög 16. desbr. 1885 þannig, að þau ekki bönnuðu niðurskurð á hákarli fyrir norðan þessa línu, og á það verður landsyfirdómurinn að fallast. Orð laganna: »á sjávarsvæðinu milli Geirólfsgrúps í Strandasýslu austur að Skagatá«, geta eigi þýtt annað sjávarsvæði, en það sem að norðan takmarkast af beinni línu milli tjeðra örnefna, því að að öðrum kosti væri eigi með lögnum ákveðin takmörk sjávarsvæðis þess, er bann þeirra á að ná yfir, og þó að þessi skilningur eigi þyki vel samrýmanlegur við tilgang laganna, er eigi heimild til þess fyrir þá skuld að víkja gjörsamlega frá orðum þeirra. Landsyfirdómurinn verður því að álíta, að hinir kærðu hafi ekki brotið gegn ofanefndum lögum, og ber því að sýkna þá af kærum hins opinbera í þessu máli og láta málskostnað lenda á opinberum sjóði, þar með talin málflytningu- og sóknarslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, er skulu ákveðin 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu, Guðmundur hreppstjóri Pjetursson og Benjamín bóndi Jóhannesson, eiga að vera sýkn-

ir af kærur hins opinbera í þessu máli. Allur löglegur málskostnaður, þar með talin málflytningu-laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af allmanna-fje.

Nr. 14/1887

Hið opinbera
gegn

Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Eftir að tveir nafngreindir menn höfðu kært kaupmann Valgarð Breiðfjörð fyrir ólöglegar brennivinsveitingar í verzlunarbúð hans, var opinbert mál höfðað gegn honum út af kærinni, og var það dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur-kaupstaðar hinn 11. febrúarm. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn kærði var sýknaður af ákæru hins opinbera í málinu, og kostnaður þess allur dæmdur á almanna-fje.

Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Sönnunin fyrir broti kærða er skýrsla uppljóstarmananna, er fengin hefur verið fyrir rjetti, hvors í sínu lagi, og hefur annar þeirra staðfest skýrsluna með eiði. Skýrsla þeirra er þess efnis, að hinn 10. desember f. á. hafi þeir báðir verið staddir í búð hins kærða og horft á það, að 4 nafngreindir menn, tveir og tveir í hvort skiptið, hafi keypt þar brennivín og drukkið það þar inni; hafi búðarmaður kærða selt brennivínið og ljeð kaupendunum 1½ pela-flösku undir það, án þess þeir